

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til 11. fundar á Teams þann 23. júní 2025 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, KPMG, sem ritaði fundargerð

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:00.

1. Fréttatilkynning

Lögð fram drög að fréttatilkynningu um álit samstarfsnefndar og íbúakosningar til birtingar á heimasíðum Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

2. Samstarf og samráð við kjörstjórn

Farið yfir verkefni kjörstjórnar og samstarfsnefndar fram að kosningum.

Lilja B. og Jón E. taka að sér að virkja kjörstjórn og aðstoða aldursforseta við boðun fyrsta fundar.

3. Kynning á tillögu

Sveitarstjórnirnar hafa falið samstarfsnefnd að sjá um kynningu á tillögu um sameiningu og forsendum hennar í aðdraganda kosninga.

Samstarfsnefnd hyggst nýta vefsvæði sitt, <https://borgfirdingar.is> sem aðaluppistöðu í kynningu og birta þar allt efni varðandi sameiningartillöguna og kosningar.

Útbúið verður efni til dreifingar með helstu forsendum og niðurstöðum samstarfsnefndar. Ráðgjöfum KPMG er falið að draga saman efni í dreifibréfið og kanna valkosti varðandi uppsetningu, prentun og dreifingu. Hafa þarf í huga að póstdreifing getur tekið allt að 10 dögum.

Haldinn verður íbúafundur 14. ágúst í Hjálmakletti í Borgarnesi. Fundinum verður streymt og upptaka gerð aðgengileg á vefsvæði samstarfsnefndar. Ráðgjafar KPMG útbúa kynningu með sama efnisinnihaldi og dreifibréfið.

4. Næsti fundur

Álveðið að næsti fundur samstarfsnefndar verði 30. júní kl. 10.

Fundi slitið kl. 10:35.